

Mál nr. 286/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Slysátrygging ökumanns og eiganda.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Ákvörðun árslauna vegna útreiknings bóta. Frávísun.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 13. ágúst 2025 ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V dags. 28. ágúst 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 29. ágúst 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 31. janúar 2023, misst stjórn á bifreiðinni A með þeim afleiðingum að hún hafnaði á ljósastaur. Ekki er ágreiningur um atvikið sem slíkt né niðurstöðu matsgerðar um líkamstjón M, þ.e. að varanlegur miski M sé 6 stig og varanleg örorka 8%.

Aðila deilir hins vegar á um aðferðafræði við útreikning á bótum vegna varanlegrar örorku. M byggir á því að rétt sé að meta framtíðartekjur M sérstaklega á grundvelli 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, enda hafi aðstæður verið óvenjulegar á viðmiðunarárum samkvæmt 1. mgr. 7. gr. M starfi við veitingarekstur og ljóst sé að Covid-19 faraldurinn hafði mikil áhrif á slíka starfsemi á árunum 2020 og 2021, þ.m.t. á opnunartíma og möguleika á yfirvinnu. Hafi starfshlutfall M vegna þessa m.a. verið lækkað tímabundið í 25%. Telji M því réttast að miða við tekjur hans á árinu 2022 og hafi bótakrafa hans tekið mið af því.

V hafi hins vegar viljað miða við tekjur M síðustu þrjú árin fyrir slys hans. Eftir nokkrar viðræður hafi V fallist á bótauppgjör á grundvelli 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga, þó þannig að miða skyldi við árin 2022, 2023 og 2024.

M krefst þess að miðað verði við tekjur hans á árinu 2022 enda sé það sanngjarnt og eðlilegt viðmið og til samræmis við nánar tilgreinda dóma Hæstaréttar og er krafist eftirstöðva bóta vegna varanlegrar örorku til samræmis við það. Til vara krefst M þess að miðað verði við meðaltekjur hans árin 2018, 2019 og 2022 enda gefi tekjur hans á því tímabili rétta mynd af tekjuöflunarhæfni hans. Sé ófært að miða að einhverju leyti við tekjur M eftir slys hans enda sé ljóst að eftir slysið treysti hann sér ekki lengur til að taka langar vaktir og veigri sér við yfirvinnu. Tekjur hans eftir slys gefi því alls ekki rétta mynd af þeim tekjum sem hann hefði haft hefði slysið ekki komið til.

Í bréfi sínu til nefndarinnar krefst V aðallega frávísunar málsins. Ágreiningur aðila lúti að því hvaða árslaunaviðmið skuli notað við útreikning á varanlegri örorku samkvæmt 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Því sé um að ræða túlkun á tilteknu lagaákvæði skaðabótalaga og falli ágreiningurinn ekki undir starfssvið nefndarinnar eins og það er skilgreint í 3. gr. samþykktu hennar. Þá snúi ágreiningur aðila að fjárhæð sem er umfram 5.000.000 kr., þ.e. þau fjárhæðarmörk sem nefndinni er heimilt að fjalla um án sérstaks samþykkis V. Jafnframt telur V að ágreiningur málsins sé það flókinn og yfirgripsmikill að meðhöndlun málsins hamli skilvirkni nefndarinnar og beri því að vísa því frá á grundvelli h.-liðar 4. gr. samþykktu hennar.

Fari svo að nefndin vísi málinu ekki frá er afstaða V sú að hafna beri kröfum M. Ekki sé um það deilt að aðstæður í tilviki M hefðu verið óvenjulegar á viðmiðunarárunum og hafi V því fallist á að beita 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga við bótaútreikning. Ágreiningur sé hins vegar um það hvað geti talist réttur mælikvarði á líklegar framtíðartekjur M í skilningi þess ákvæðis. Hvorki fyrr né síðar hafi M verið með viðlíka tekjur og þau ár sem farið sé fram á að horft sé til við útreikning á varanlegri örorku. Það að uppreikna laun frá 2018 og 2019 með launavísitölu alveg fram til stöðugleikapunkts árið 2023 leiði til niðurstöðu sem sé alls ekki í takt við þau laun sem M hafi sannanlega verið með eftir slysið. Horfa verði á launatekjur fyrir og eftir slys við mat á líklegum framtíðartekjum og er vísað til dóms Landsréttar í máli nr. 152/2024 því til stuðnings. Ekki sé tilefni til að horfa á eina árið í tekjusögu M þar sem laun hans voru hæst. Er þá tekið fram að ekki hafi verið um umfangsmikla og hamlandi áverka að ræða, og ætti skerðing á tekjuöflunarhæfni því að vera í takt við niðurstöðu matsgerðar, þ.e. 8%. Hafi bótauppgjör tekið mið af því. Að öllu virtu hafi árslaunaviðmið það sem V bauð til að ná sáttum í málinu verið sanngjarnt og nær því að vera réttur mælikvarði um ætlaðar framtíðartekjur en þau viðmið sem M vilji

byggja á. Það hafi þá verið töluvert hærra en efri fjórðungsmörk í viðkomandi starfsflokki samkvæmt Hagstofunni.

Í viðbótarathugasemddum M er röksemdum fyrir frávísunarkröfu V hafnað. Nefndin hafi þannig áður tekið til meðferðar sambærilegan ágreining í máli 468/2024 og sé fjárhæð kröfunnar innan þeirra marka sem nefndinni er heimilt að fjalla um án sérstaks samþykkis. Þá sé um að ræða ágreining um uppgjör úr slysatryggingu ökumanns og því ágreining á sviði vátryggingaréttar þó ákvörðun bóta fari eftir ákvæðum skaðabótalaga. Eigi ágreiningur aðila því heima fyrir nefndinni.

Álit.

Krafa V um frávísun máls þessa frá nefndinni er studd ýmsum rökum sem rétt þykir að taka til ítarlegrar skoðunar.

Í fyrsta lagi kemur til skoðunar hvort rétt sé að vísa málinu frá á grundvelli þess að fjárhæðir þær sem deilt er um sé hærri en svo að nefndinni sé heimilt að fjalla um þær án samþykkis V. Í 3. mgr. 3. gr. samþykktu úrskurðarnefndar í vátryggingamálum kemur fram að samþykki aðila sé áskilið eigi nefndin að fjalla um ágreining varðandi fjárhæðir. Hins vegar segir einnig í 3. mgr. 3. gr. að: „*Neytanda er þó heimilt án samþykkis að skjóta til nefndarinnar ágreiningi um fjárhæðir vegna vátryggingarsamnings milli hans og varnaraðila, enda nemi ágreiningurinn að lágmarki kr. 25.000 og að hámarki kr. 5.000.000.*“ Ekki hefur verið byggt á því af hálfu V að M sé ekki neytandi í framangreindum skilningi. Þá verður ekki séð að fjárhæð sú sem ágreiningur aðila snýst um sé hærri en 5.000.000 kr. og hefur V engin gögn eða útreikninga lagt fram því til stuðnings. Telur nefndin því ekki forsendur til að vísa málinu frá á grundvelli þessa.

Kemur í öðru lagi til skoðunar hvort ágreiningur aðila falli utan við starfssvið nefndarinnar eins og það er að öðru leyti skilgreint í 3. gr. samþykktanna en 1. og 2. mgr. 3. gr. eru svohljóðandi: *Undir starfssvið nefndarinnar heyra mál sem varða réttarágreining um vátryggingarsamninga eða annan ágreining sem lýtur að dreifingu vátrygginga eða vátryggingarstarfsemi að öðru leyti eins og nánar greinir í 2. og 3. mgr. Nefndin fjallar um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og varnaraðila auk annars ágreinings sem varðar ákvæði laga um vátryggingarsamninga, nr. 30/2004, og laga um dreifingu vátrygginga, nr. 62/2019.* Samkvæmt þessu er ljóst að undir starfssvið nefndarinnar falla mál sem varða réttarágreining um vátryggingarsamninga og er þar um nokkuð víðtækt úrlausnarefni að ræða. Við úrlausn slíkra mála þarf nefndin iðulega og eðli máls samkvæmt að líta til annarra laga og reglna en þeirra tveggja lagabálka sem tilgreindir eru í 3. mgr. Á það ekki síst við um t.a.m. skaðabótalög og lög um ökutækjetryggingar nr. 30/2019 enda eru lög um vátryggingarsamninga nátengd þessum lögum. Að því marki sem skaðabótalög varða úrlausn ágreinings um vátryggingarsamninga, bótaskyldu eða eftir atvikum bótafjárhæðir, vegna t.a.m. ábyrgðartrygginga telur nefndin sér rétt og skylt að taka ágreining um túlkun og beitingu ákvæða þeirra til skoðunar. Ella gæti nefndin illa sinnt hlutverki sínu samkvæmt gildandi samþykktum. Má benda á mýmörg fordæmi nefndarinnar þessu til stuðnings, er varða t.a.m. meðábyrgð starfsmanns vegna líkamstjóns í vinnuslysum skv. greinar 23.a í þeim lögum og kröfur um miskabætur á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. sömu laga. Verður máli þessu því ekki vísað frá nefndinni á grundvelli þess að um sé að ræða ágreining sem heyrir ekki undir starfssvið hennar, sbr. b.-lið 1. mgr. 4. gr. samþykktu nefndarinnar.

Í þriðja lagi vísar V til þess að vísa beri máli þessu frá á grundvelli h.-liðar 1. mgr. 4. gr. samþykktanna en þar segir að nefndin fjalli ekki um mál sem eru það flókin eða yfirgripsmikil að meðhöndlun þeirra hamli skilvirkni nefndarinnar. Vísar V til þess að álitaefni þessa máls sé þess eðlis að leggjast þurfi gaumgæfilega yfir gögn málsins sem og dómaframkvæmd og eigi nefndin að yfirfara álitaefni af þessu tagi í miklum mæli muni það hamla skilvirkni hennar svo um munar. Rétt er að áréttta hér að nefndin leggst gaumgæfilega yfir gögn allra mála sem henni berast svo og viðeigandi dómaframkvæmd hverju sinni og hefur það hingað til ekki hamlað skilvirkni hennar. Fyrrgreint orðalag h.-liðar gefur að öðru leyti ekki til kynna hvenær vísa skuli máli frá á þeirri forsendu að það sé það flókið eða yfirgripsmikið að skilvirkni nefndarinnar sé í hættu, og virðist nefndin því hafa sjálfðæmi um mat á því. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður ekki fallist á að umfang þess eða flækjustig sé þeim mun meira en almennt gerist að því verði vísað frá af þeim sökum.

Eins og ítarlega hefur verið rakið verður því ekki annað séð en að ágreiningur M og V, eins og hann er lagður fyrir nefndina, falli innan starfssviðs hennar eins og það er skilgreint í nügildandi samþykktum.

Verður mál þetta því tekið til efnislegrar meðferðar.

Eins og að framan greinir snýr efnislegur ágreiningur í málinu að því hvernig skuli ákvarða þau árslaun skv. 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 sem nota beri við útreikning á fjárhæð bóta fyrir varanlega örorku M. Þó aðilar séu sammála um að ákvarða skuli árslaunin samkvæmt 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga er eftir sem áður ágreiningur um það hvernig það skuli nánar útfært og því hvaða árslaun skuli lögð til grundvallar útreikningi.

Nefndin telur að fallast beri á að vegna áhrifa Covid-19 faraldursins á vinnutilhögun og laun M árin 2020 og 2021 gefi þau ekki rétta mynd af því sem hefði mátt vænta varðandi framtíðalaun ef hann hefði ekki slasast 31. janúar 2021. Nefndin telur það sama gilda ef eingöngu yrði stuðst við laun M árið 2022 eins og M krefst aðallega eða stuðst við þau þrjú ár sem M byggir varakröfu sína á. Þá telur nefndin heldur ekki að þau laun sem V vill leggja til grundvallar gefi rétta mynd af þeim framtíðarlaunum sem M hefði mátt vænta, enda byggir sá útreikningur m.a. að hluta til á launum M eftir slysið. V hefur ekki gert athugasemdir við fyrirbyggjandi mat um að varanleg örorka M af völdum slyssins sé 8%, nokkuð sem þó þýðir ekki sjálfkrafa að mati nefndarinnar að launatap M til framtíðar litið kunni ekki að vera mismikið á mismunandi tímabilum þó heildamatið sé 8%. Því telur nefndin ekki forsendur til að horfa jafn mikið til launa M árin eftir slysið eins og V færir rök fyrir í málalímbúnaði sínum.

Nefndin hefur því komist að þeirri niðurstöðu að við útreikning árslauna skv. 2. mgr. 7. gr skuli byggja á launum M árin 2019 og 2022 þar sem þau séu réttasti mælikvarðinn á hverjar líklegar framtíðartekjur M hefðu orðið. Þá sé rétt að leiðrétta (uppreikna) þau laun með þeirri aðferðafræði sem um getur í 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Útreikningurinn tekur því mið af framangreindum árslaunum að meðtöldu framlagi vinnuveitanda í lífeyrissjóð, leiðrétt samkvæmt launavísitölu til 30. apríl 2023, en þann dag töldu matsmenn að heilsufar M hafi verið orðið stöðugt vegna afleiðinga slyssins. Launvísitala fyrir apríl 2023 var 933,9. Þá er einnig miðað við meðaltalsvísitölu fyrir viðmiðunarárin tvö. Meðaltalslaunavísitala fyrir árið 2019 var 688,5 og 2022 var hún 858,4. Hvað framlag vinnuveitanda í lífeyrissjóð varðar þá virðist nefndinni að árið 2019 hafi það verið 10% (þ.e. 8% +2%) en 13,5% árið 2022 (þ.e. 11,5% +2%). Mótframlag vinnuveitanda vegna séreignar bætist við hefðbundið framlag vinnuveitanda til lífeyrissjóðs, sbr. dóm Landsréttar frá 23. júní 2025, í máli nr. 494/2024. Nefndin telur hins vegar að eins og málið liggur fyrir séu ekki forsendur til þess að líta á kr. 348.500 sem M fékk í verktakagreiðslur árið 2022 sem laun í skilningi 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Árslaun M skv. 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga eru því reiknuð með eftirfarandi hætti:

Laun árið 2019, að teknu tilliti til 10% framlags vinnuveitanda í lífeyrissjóð, $\text{kr. } 9.578.259 \times 933,9/688,5 = \text{kr. } 12.992.209$.

Laun árið 2022, að teknu tilliti til 13,5% framlags vinnuveitanda í lífeyrissjóð, $\text{kr. } 12.924.226 \times 933,9/858,4 = \text{kr. } 14.060.967$.

Meðalárslaun kr. 13.526.588. Nefndin telur að leggja beri þau laun til grundvallar útreikningi á fjárhæð bóta fyrir varanlega örorku M af völdum slyssins 31. janúar 2021.

Niðurstaða.

Leggja ber árslaunin kr. 13.526.588 skv. 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 til grundvallar útreikningi á fjárhæð bóta fyrir varanlega örorku M vegna slyssins 31. janúar 2023.

Reykjavík, 16. desember 2025.
rafræn undirskrift

Guðmunur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir